


tískusýningu, heldur sé þetta gert á kostnað allra þeirra tískusýninga sem boðið er upp á í Hagaskóla fyrir utan skólatíma. „Þetta er tímafrekt, en skemmtilegt,“ segja

þeir. „En við erum ekki búinir að ákveða neitt um það hvort við komum til með að starfa frekar við leiklist. Það er ekkert varið í þetta nema menn séu mjög góðir — og við erum á kafi í svo mörgu öðru.“ Þeim til halds og trausts á sýningunni var Páll Sævar Guðjónsson, sem sá um hljóð og tæknibrellur.



„Gaman að taka þátt í þessu“

Við erum með myndlist sem valfag og erum mjög frjáls í því hvernig verkefnum við spreytum okkur á,“ segja þau Áki Guðni Karlsson, Heimir Helgason og Dögg Guðmundsdóttir úr 9. bekk í Réttarholtsskóla, sem öll eiga verk á hátíðinni. Áki sýnir vatnslitamynd, Heimir dúkskurðarmynd og Dögg þrívíddarmynd en nemendur úr Réttarholtsskóla eiga fjölda verka á sýningunni.

Heimir og Áki segjast hafa verið í myndlistarskólum þegar þeir voru yngri, en Dögg ekki. „Við eigum heljarinnar safn af myndum sem við höfum teiknað í gegnum tíðina,“ segja þeir Áki og Heimir, en Dögg segir að ekki sé sömu sögu að segja af sér. „En ég hef alltaf farið dálítið á myndlistarsýningar og haft gaman af,“ segir hún.

„Það er gaman að taka þátt í svona listahátíð,“ segja þau er þau röltu um sýningarsali og skoðuð verk hinna sem taka þátt í sýningunni. Þau segjast öll hafa mikinn áhuga á myndlist, en ekki vita hvort þau komi til með vinna mikið að henni í framtíðinni. Þó eru þau nokkuð ákveðin þegar þau eru spurð út í framtíðina og hvert hugurinn stefnir með starf. Heimir segist hafa verið ákveðinn strax átta ára gamall: „Ég ætla að verða arkitekt,“ segir hann. Dögg segist einna helst hafa áhuga á auglýsingateiknun og Áki heldur að það sé mikið fjárhagslegt basl að vinna eingöngu við myndlist. „Ætli ég fari ekki í einhvers konar raf-eindafræði,“ segir hann.



Jónas Bragi Jónsson við „Módel af verki“.

Morgunblaðið/Emilía


„Glerið býður upp á svo margt“

Ég byrjaði að fikta við að búa til veggmyndir úr gleri fyrir fimm árum. Ég kynntist aðferðinni hjá bróður mínum, sem hafði lært þetta þar sem hann var í háskólanámi í arkitektúr. Ég er svo búinn að vera að reyna að þróa og þroska alls konar aðferðir síðan,“ segir Jónas Bragi Jónsson, 21 árs gamall nemandi á fyrsta ári í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, sem sýnir ellefu glerlistaverk á hátíðinni.

„Það er heillandi að vinna með gler. Glerið býður upp á svo margt. Það getur ekki einungis framkallað sterkari liti en aðrir miðlar, heldur einnig mildari. Það er bæði hrjúft og mjúkt. Brothætt og viðkvæmt,“ segir Jónas Bragi. Hann kveðst eyða öllum sínum tómstundum í að vinna að verkum sínum. „Enda hef ég alveg frábæra aðstöðu heima fyrir. Faðir minn, Jónas Guðvarðarson, listamaður í Hafnarfirði, byggði fyrir nokkrum árum vinnustofu fyrir sig við húsið okkar. Hann notar hana hins vegar lítið sem ekkert, þannig að ég er alveg út af fyrir mig þegar ég vinn glerið.“

Jónas Bragi hefur áður tekið þátt í sýningum. Bæði hefur hann átt verk á nokkrum samsýningum og svo hefur hann haldið einkasýningu í Eden í Hveragerði. „Það er mjög lærdómsríkt að taka þátt í svona sýningum og því um að gera að grípa hvert tækifæri til að koma verkum sínum á framfæri. Hér á landi eru ótrúlega margir að vinna í glerlist og það er þroskandi að sjá hvernig aðrir vinna úr hugmyndum sínum,“ segir hann og bætir við að þessi listahátíð ungs


fólks sé einmitt til þess fallin. „Hér kynnir verk sín ungt fólk alls staðar að af landinu.“



Morgunblaðið/Emilía

Heimir Helgason, Áki Guðni Karlsson og Dögg Guðmundsdóttir.

COSPER



TÓNABÍÓ

Sími 31182

Frumskýr:

GRÁI REFURINN



Árið 1901, eftir 33 ára vist í San Quentin fangelsinu, er Bill Miner, „prúði ræninginn“, látinn laus. — Geysivel gerð, sannsöguleg mynd um óbugandi mann, sem rænir fólk, því það er það eina sem hann kann. — Sjöfaldur vinningshafi hinna virtu Genie-verðlauna í Kanada.

Leikstjóri: Phillip Borsos.

Hefðbundin írsk lög samín og flutt af THE CHIEFTAINS. Aðalhlutv.: Richard Farnsworth og Jackie Burroughs.

Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11. Ísl. texti. Bönnuð innan 12 ára.



Frumskýr:

Sjálfbodaðiðar



VOLUNTEERS

Hvort sem þú ert tilbúinn eða ekki, þá eru þeir komnir, til að byggja brú sem enginn vill, og . . . Dreppýndin ný grínmynd, troðfull af furðulegustu uppákomum, með Tom Hanks (Splash) — John Candy (National Lampoon's Vacation) og Rita Wilson.

Leikstjóri: Nicolas Meyer. Dolby Stereo.

Sýnd laugardag kl. 7 og 9 og sunnudag kl. 5, 7 og 9.